

GJALDSKRÁ

Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

1. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. setja gjaldskrá að fenginni tillögu stjórnar byggðasamlagsins fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs og annast innheimtu gjaldaanna innan síns sveitarfélags.

2. gr.

Íbúðarhúsum, frístundahúsum, fyrirtækjum, lögaðilum og öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst þess skipar viðkomandi sveitarfélag í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Íbúðarhús	Frístundahús	Lögbýli***	Atvinnuhúsnæði
Grunngjald kr.*	20.187	20.187	8.658	20.187
Íláttagjald kr.**	22.128			
Samtals kr.	42.315	20.187	8.658	20.187

Gjald fyrir heimsendan gám kr. 10.000.

* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámasstöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Íláttagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á flátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og samþykkt af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Gjaldskráin er sett í samræmi við 10. gr. samþykktu byggðasamlagsins og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 15. desember 2016.

F.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.,

Ágúst Ingi Ólafsson.